

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1956
komudagur 15.3.2013



Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8 -10

150 Reykjavík

15. mars 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um nr. 129/1997, 625. mál

Samtök iðnaðarins og Samtök sprotafyrirtækja skila sameiginlegri umsögn um frumvarpið.

Í frumvarpinu felst heimild til að lífeyrissjóður fjárfesti fyrir allt að 20% af hreinni eign sjóðsins í óskráðum verðbréfum verði hækkuð í 25%. Viðbótarheimildin er hugsuð til bráðabirgða og nýjar fjárfestingar, umfram 20% mörkin, verða ekki heimilar eftir árslok 2014.

Við hrunið 2008 jókst áhættufælni til muna, gjaldeyrishöft voru innleidd og fjárfestingakostum í skráðum bréfum fyrir lífeyrissjóði og aðra fjárfesta fækkaði stórlega. „Atvinnulaust“ fjármagn hleðst því upp í dag hjá lífeyrissjóðum og fjármálastofnunum á sama tíma og þörfin fyrir nýtt fjármagn til nýsköpunar í atvinnulífinu hefur sjaldan verið meiri. Samtökin fagna því hverju skrefi í þá átt að koma fjármagni í vinnu í atvinnulífinu - ekki sýst til að skapa fleiri og betri störf. Um leið og hægt er því að taka heilshugar undir þá viðleitni sem felst í þessu frumvarpi má benda á viðbótarskref í sömu átt sem í senn gæti aukið árangur í atvinnulífinu og svigrúm lífeyrissjóðanna.

1. Í fyrsta lagi má spyrja hvort heimildaramminn ætti að ná til lengri tíma í stað þess að lýsa því yfir fyrirfram að hann verði lækkaður aftur í árslok 2014. Benda má á að svo stuttur tímarammi felur í sér hættu á áhrifum til meiri skyndiákvæðana lífeyrissjóðna varðandi fjárfestingar á árinu 2014 og að svigrúmið hverfi svo aftur snögglega frá og með byrjun árs 2015. Með því að hafa heimildina ótímabundna gæti breytingin komið minni fyrirtækjum með óskráð bréf að meira gagni og skapað betri grunn fyrir þróun skipulegs markaðar með óskráð bréf til hagbóta fyrir alla - ekki hvað síst fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki til að fjármagna sig á markaði.
2. Í öðru lagi hefur Kauphöllin - NASDAQ OMX Iceland hf lagt fram tillögu að breytingu á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða skv. ákvæðum 36. gr. í lögum nr. 129/1997 (Isl.). Sú tillaga er fólgin í því að lífeyrissjóðum verði veitt aukin heimild til að fjárfesta í verðbréfum sem skráð eru á markaðstorgi fjármálagerna („MTF“). Grundvallast tillagan á því að nýjum málslið verði bætt við 3. mgr. 36. gr. Isl. á eftir 1. ml. og verði þar kveðið á um heimild fyrir lífeyrissjóði til að fjárfesta í verðbréfum sem verslað er með á MTF mörkuðum, upp að ákveðnu marki, til viðbótar þeirri heimild sem þegar er til staðar í 1. ml. 3. mgr. 36. gr. Samtökin taka undir þessa tillögu og mæla með því að umrætt mark miðist við 5% af hreinni eign lífeyrissjóðsins sem komi til viðbótar framangreindri heimild. Leiða má að því líkur að slík breyting myndi auka framboð á skráðum verðbréfum til lengri og skemmri tíma, ásamt því að vera til hagsbóta fyrir lífeyrissjóði, aðra fjárfesta og atvinnulífið almennt.

f.h. Samtaka iðnaðarins og Samtaka sprotafyrirtækja